


Teppi og önnur gólfefni og áhrif þeirra á loftið sem við öndum að okkur.



Það var fyrir u.þ.b. 15 árum sem að sú kenning kom fram í Svíþjóð að gólfteppi væru orsök og uppspretta flestra ofnæmiskvilla. Af þeim sökum var fólki ráðlegt að rífa teppin af og setja hörð gólfefni í staðin, s.s. parket flísar og dúka. Á þessum sömu árum hefur ofnæmi og öndunarfaris-sjúkdómum fjölgað í öllum löndum í beinu hlutfalli við aukningu harðra gólfefna á heimilum og vinnustöðum. Læknar og öndunarfæra sérfræðingar ber saman um að rykagnir og önnur óhreinindi í lofti geta vakið upp ofnæmiköst. Þá hefur verið litið til tegunda gólfefna, sérstaklega teppa til að skýra þessa aukningu á þessum kvillum. Hvaðan kemur þessi kenning upphaflega og hvers vegna kom hún fram? Þegar að er gáð þá er frá því að segja að upphaflega kom þetta frá framleiðanda gólfduka í Svíþjóð.? Það eitt hefði átt að vekja upp spurningar en gerði ekki því að rökin voru studd með því að benda á að fólk myndi munin strax við það að skipta út skítuga teppinu fyrir hreina dúkinn.

Það er köld staðreynd að hörðum gólfum hefur fjölgað um 77% í Svíþjóð á þessu ofangreinda tímabili, þá hefur fjölgun astmatilfella aukist 300% á sama tíma.!

Er þá ekki hægt að fullyrða að orsökina sé hörð gólfefni? Svarið við þessari fullyrðingu er ekki svona einföld. Það þarf að taka tillit til fjölda annarra þátta, s.s. gæludýr, meiri umhverfismengun, breytt lífsmunstur, breyttar matarvenja og fl. Þetta hefur verið rannsakað ítrekað og nú síðast var gerð rannsókn í Florida USA og við þær rannsóknir var notast við sérstakir skannar og ofurtölva.






Nú er rétt að staldra við, auðvitað er betra loft í herberginu þegar dúkurinn er hreinn en teppið skítugt. Hér koma “góðar”ryksugur sterkt inn í myndina. (sjá nánar síðar) Á Íslandi sem og í öðrum löndum er góð ryksuga og rétt notkun hennar skilyrði þess að loftið í teppalögðu herberginu sé hreint. Blettahreinsun og ryksugun er 80-90% af viðhaldi teppa. Svo er það hlutverk fagmanna í teppahreinsun að djúphreinsa teppin á 1 til 3 ára fresti og fer sú tíðnin eftir notkun og álagi á teppinu.



Nú komum við að grundvallar atriðinu: Reglulega ryksuguð teppi stuðla að minni loftmengun en hörð gólf gera! Teppi á gólfum bæta í raun loftið!

“...Ojji þetta loftið hérna inni er vont, það er allt útaf þessu helv.. skítuga teppi...”

Hver hefur ekki heyrt þessa lýsingu þegar leitað er eftir orsökum þess að loftið í herberginu er ekki eins og það á að vera. Raunin er bara sú að það er teppinu að þakka að það er ekki verra. Þetta má sjá greinilega á línuritinu hér til hliðar. Það sýnir hvernig rykmagnið eykst þegar gengið er um herbergið (rauð lína) Græna lína sýnir áhrifin þegar teppi er á gólfinu.



Nú.. hvernig leysum við þetta vandamál? - Hvernig höldum við loftinu hreinu?

1) Ryksuga:

Það að ryksuga með “góðri” ryksugu er grundvallar atriði eins og áður sagði. Ryksugur með örsú (*0,01 micron* – *viðurkend síunar flokkun stundum kallað HEBA eða CRI*) hreinsa, fjarlægja 350% meira af óhreinindum sem annars væri í loftinu sem við öndum að okkur. Annað mikilvægt atriði er, skiptið oft um poka. Það er ekki skynsamlegt að draga það að skipta ekki um poka þar til hann er orðin harður af rusli og ryki.





Reyndar er ástæða til að benda á að það er eitt hvað ryksugan nær upp og annað hverju hún skilar aftur með útblæstrinum. Ryksugur sem ná vel úr teppinu eru þær sem hafa móturbursta, svo kallaðar uppistandandi ryksugur. Reyndar er það eina rétta tegundin fyrir teppi, ef þú ert með hörð gólf þá dugar þér belgryksuga sem flestir seljendur eru með.



Ef þú vilt fá þér ryksugu sem leysir báða þessa þætti 100% þá er hægt að fá sér svokallað "central" ryksugur. Þetta er í rauninni ryksugukerfi sem blæs öllu út úr húsinu. Nú er þetta kerfi fáanlegt á Íslandi og er veruleg bót fyrir þá sem þjást af ofnæmi. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá innflytjanda sem er Rafheimilið ehf.


www.rafheimilid.is

2) Teppahreinsun

Það er útbreiddur misskilningur að segja að það megi ekki bleyta teppið því þá verði það aldrei jafn gott aftur. Stærsti gólfteppa framleiðandi í heimi Shaw Industries Inc. hefur ítrekað staðfest að regluleg teppahreinsun fagmanna er nauðsynleg til að viðhalda teppum. Fagmenn hafa bæði reynsluna (endurtekningar) öflugri vélar og kunnáttu hvað má og hvað ekki, þetta leiðir af sér að öllu jöfnu betri hreinsun.



Blauthreinsun með litlum kraftlausum leiguvélum í lélegu ástandi, geta verið skaðleg fyrir teppið og jafnvel eyðilegt þau eða í besta lagi stytt líftíma þess verulega.



Milli þess sem eigendur sjálfir blettahreinsa og ryksuga reglulega. Þá eru einnig til hreinsunaraðferðir sem viðhalda teppinu í viðunandi ástandi, aðferðir sem krefjast ekki mikils tækjabúnaðar né eru kröfuharðar á kunnáttu þess sem hreinsar. Þetta eru t.d. þurrhreinsun með kornefni sem má framkvæma annað hvort með leiguvélum eða jafnvel einföldum handverkfærum. Þetta kerfi er með því öruggasta sem til er í teppahreinsun. Og ættu allir að geta notað það áhyggjulaust og með þolinmæði nán góðum árangri



Teppi eða ekki teppi getur og á að fara eftir smekk hvers og eins hvernig gólfefni hann vill hafa hjá sér. En að velja hörð gólfefni af því það er hollara er beinlínis RANGT! Að velja teppi á hluta íbúðarinnar af því að það er hlýlegt, það er hljóðdeyfandi og það er umhverfisvænt. Það er góður kostur. Ég vil að lokum benda á tvær heimasíður sem fjalla um frekari staðreyndir um teppi, hollustu þeirra og kosti og galla.

<http://www.comebacktocarpet.com> og <http://www.carpet-health.org/>

Árni Svavarsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.